



Tölvupóstur 17.09.2024

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Málefni Flugklasans Staðan í dag

Ágæti viðtakandi

Þetta bréf er sent í framhaldi af fundi sveitarfélaga á Norðurlandi um málefni Flugklasans Air 66N, sem haldinn var á Akureyri þann 26. ágúst s.l.

Fundarboð var sent til allra sveitarfélaga á Norðurlandi, en samningar um fjármögnun þeirra til verkefnisins renna út í árslok. Á fundinn mættu tólf fulltrúar sveitarfélaga, frá sjö sveitarfélögum, Akureyrarbæ, Þingeyjarsveit, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi og Norðurþingi. Fulltrúar Langanesbyggðar og Dalvíkurbyggðar forfölluðust. Auk þess voru fulltrúar frá SSNE og SSNV viðstaddir fundinn.

Ekkert sveitarfélag á NV sendi fulltrúa á fundinn. Það kom því ekki fram í umræðu fundarins afstaða þeirra sveitarfélaga.

Flestir fundarmenn voru sammála því að verkefnið sé mikilvægt og nauðsynlegt að halda því áfram. Fulltrúar sveitarfélaga næst Akureyri voru mjög áfram um að styðja verkefnið áfram og reyna frekar að efla starfsemina frekar en hitt. Fulltrúar Akureyrarbæjar ekki jafn ákveðnir í tali. Rætt var um mikilvægi þess að verkefnið verði áfram hýst á Norðurlandi. Eignarhald og virk þátttaka heimafólks væri lykill að árangri.

Fjármögnun verkefnisins var svo stærsta umræðuefnið. Sum sveitarfélög lýstu yfir vilja til að halda áfram eða jafnvel auka sín framlög, á meðan önnur vilja draga úr framlögum.

Nokkur samhljómur var á fundinum um að ríkið ætti með markvissari hætti að koma að fjármögnun þessa verkefnis, enda væri það að vinna að markmiðum ríkisstjórnarinnar um að opna fleiri gáttir inn í landið. Einnig að verkefnið væri stórt byggðamál – fá verkefni væru betur til þess fallin að styrkja dreifða byggð í landinu. Hingað til hefur framlag ríkisins verið ákveðið til eins árs í senn. Nauðsynlegt er að fá meiri festu og fyrirsjáanleika í fjármögnunina. Fundarmenn voru sammála um að næsta skref væri að fulltrúar frá sveitarfélögunum á Norðurlandi færu á fund ráðherra til þess að ræða þessi mál. Mikilvægt væri að sveitarfélögin stæðu öll saman og fulltrúar þeirra færu ráðherra skýr skilaboð um þeirra vilja og óskir. Var MN falið að hefja þessa málaleitan við ráðherra.

Staðan í dag er sú að MN er búið að senda erindi til ráðherra ferðamála, þar sem óskað var eftir aukinni aðkomu ríkisins að verkefninu (sjá viðhengi). Ráðherra óskaði eftir erindi, frekar en að fá fulltrúa sveitarfélaganna á fund á þessu stigi máls. Erindið er til vinnslu í ráðuneytinu og MN er að útvega gögn fyrir þá vinnu.

Mánudaginn 16. september átti MN fund með Akureyrarbæ, þar sem farið var yfir þessa stöðu, ásamt því að óska eftir áframhaldandi stuðningi við Flugklasann fyrir næsta ár meðan unnið væri að framtíðarlausn með ráðuneytinu. Þar var einnig farið yfir samantekt um framlag fyrirtækja til Flugklasans, sem hefur verið umtalsvert í gegnum tíðina (sjá viðhengi).

Langanesbyggð



Jafnframt voru kynnt drög að tillögu að skipulagi verkefnisins til framtíðar (sjá viðhengi). Þessi drög eru á vinnslustigi og við biðjum ykkur að kíkja yfir drögin og láta okkur vita ef ykkur finnst vanta eitthvað inn í þá umræðu.

Þessu til viðbótar er í viðhengi minnisblað um helstu atriði tengd flugverkefninu, sem tekið var saman í maí 2024.

Miðað við stöðuna í dag, munum við senda ykkur erindi þar sem við óskum eftir fjármögnun Flugklasans til eins árs (2025) meðan við vinnum áfram að því að tryggja aukið fjármagn frá ríkinu í verkefnið.

kv. Hjalti



Hjalti Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N

Route Development

+354 462-3300

+354 864-7740

hjalti@nordurland.is

Markaðsstofa Norðurlands

Visit North Iceland

www.nordurland.is

